

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 9.11. 2016.

Fundarstaður: Víghólastíg

Fundur settur kl. 17:30. Mættir eru : GS, BB, HB og KSI

- Vetrahátíð rædd. Vogsfólkið er með næstu hátíð og verður hún haldin laugardaginn 11. mars n.k. í salnum fyrir ofan Hegas á Smiðjuveginum. Kannað var að halda hátíðina í Stykkishólmi, en það reyndist of kostnaðarsamt að þeirra mati. Tillaga FFF að biðja Svövu, sem fráfarandi gjaldkera, að vera skipuleggiendum Vetrahátíðarinnar innan handar og jafnframt að skrifa samantekt um framkvæmd síðustu hátíðar og láta fylgja frá einu ári til annars.
- Ákveðið að Aðalfundur FFF verði haldinn sama dag og Vetrahátíð, 11. mars n.k.
- Umræða um styrk vegna verndarsvæðis í byggð. Reykhólahreppur í samstarfi við stjórn FFF sótti um styrk til Minjastofnunar / húsfriðunarsjóð til undirbúnings að tillögu um verndarsvæði í byggð í Flatey. Reykhólahreppur hlaut styrk að upphæð 4.485.000 kr. Fyrsta skref verður yfirferð og endurskoðun á húsakönnun sem gerð var 2006-7, auk þess sem ljúka þarf fornleifaskráningu í Flatey og gefa hana út. Gert er ráð fyrir að haldið verði málþing / fundur með íbúum, húseigendum og hagsmunaaðilum í Flatey fyrri hluta árs 2017.
- Umræða um komur skemmtiferðaskipa: Greiðslur bárustu frá útgerð Iceland Travel (skemmtiferðaskip) árið 2016 til uppbyggingar á stígum í Flatey. Fyrirtækið hefur sent stjórn FFF áætlun um skipakomur til Flateyjar árið 2017. Fram koma að Samskip hafi einni áhuga á að styðja við uppbyggingu í Flatey á svipaðan hátt og Iceland Travel.
- Umræða um hafnarmannvirki. Stjórn FFF hefur gífurlegar áhyggjur af ástandi ferjubryggjunnar í Flatey og skorar á þar til bæra aðila að bæta úr því. Einnig vill stjórnin vekja athygli á að siglingamerkin sem eru í Eyjunni eru farin að láta á sjá og þarfnast viðhalds.
- Umræða um samþykktir Reykhólahrepps vegna [hunda- og kattahalds](#) og [meðhöndlunar úrgangs](#). Stjórn FFF leggur til að skipt verði um gáma yfir sumartímann þannig að bryggjan verði ekki gámalaus.
- Málefni hitaveitu rædd. Samþykkt að kanna vilja hjá Flateyjarveitum að halda sameiginlegt málþing um möguleika á borun eftir heitu vatni í Flatey.
- Afhending umhverfisverðlauna rædd.

Fundi slitið kl. 20:00